

**SVÞ**Samtök
verslunar og
þjónustu

Alþingi
Erindi nr. P 140/148
komudagur 14.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2011

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðar heimild, EES-reglur), 138. mál

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðar heimild, EES-reglur), 138. mál.

SVÞ hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Hvað varðar markmið frumvarpsins gera SVÞ ekki efnislegar athugasemdir varðandi það. Hins vegar vilja samtökin ítreka að með frumvarpinu er verið að veita tilteknum aðilum eða hópum undanþágu frá gildissviði laganna. Með því er í raun verið að veita undanþágu frá meginreglum laga og benda SVÞ á að það er viðurkennd lögskýringarregla að undanþágur ber ávallt að túlka þröngt.

Í ljósi þessa telja SVÞ mikilvægt að verði umrætt frumvarp óbreytt að lögum að þess verði gætt að þeir aðilar sem verða undanþegnir gildissviði laganna uppfylli með sannarlegum hætti þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar undanþágu, þ.e. að með sannarlegum hætti sé um ræða góðgerðarstarfsemi og/eða frumframleiðslu. Með slíku verði unnt að útiloka að aðilar sem veita tiltekna þjónustu án þess að vera undirorpnr þeim kröfum sem kveðið er á um í lögnum, sem og öðrum lögum, skerði með því ekki samkeppnishæfni þeirra aðila sem að öðru leyti njóta ekki sömu undanþága.

Þá telja SVÞ mikilvægt að með umræddum undanþágum verði ekki slegið af þeim heilbrigðis- og hollustukröfum sem gerðar eru til sambærilegrar starfsemi. Í því samhengi vísa SVÞ til umfjöllunar í kafla B með framangreindu frumvarpi til laga þar sem fjallað er um viðeigandi hollustureglugerðir ESB en með lögum nr. 93/1995 er verið að innleiða í íslenskan rétt viðeigandi löggjöf ESB á þessu sviði. Að mati SVÞ er því mikilvægt að ávallt verði gætt að heilbrigðis- og hollustukröfum hvort sem um er að ræða starfsemi sem undanþegin verði gildissviði laganna, sbr. frumvarp þetta, eða önnur starfsemi sem verður eftir sem áður undirorpin gildissviði þeirra.

Þá telja SVÞ bagalegt að ekki liggi fyrir upplýsingar um það hversu algengt er að einstaklingar eða félagasamtök matreiði og bjóði matvæli án endurgjalds eða til sölu í þágu góðgerðarmála, sbr. umfjöllun í kafla A með framangreindu frumvarpi til laga. Telja samtökin mikilvægt að með einum hætti eða öðrum sé það tryggt að umræddar upplýsingar séu veittar og að þeim sé haldið til haga. Ítrekast hér að þótt framangreind starfsemi sé undanþegin gildissviði laganna þá hvíla á þessum aðilum eftir sem áður ríkar kröfur varðandi heilbrigðis- og hollustuhætti.



Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP

Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur